



**Afgreiðslufundur samgöngustjóra samkvæmt 3. gr. viðauka 2.5 um embættisafgreiðslur samgöngustjóra við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.**

Ár 2024, þriðjudaginn 28. maí kl. 15.00 hélt samgöngustjóri Reykjavíkurborgar 18. afgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, 3. hæð, Saltvík. Fundinn sátu: Bjarni Rúnar Ingvarsson, staðgengill samgöngustjóra og Edda Ívarsdóttir.

Fundarritari var Natan Freyr Guðmundsson

**Þetta gerðist:**

**1. Tillaga um strætóakrein**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akrein lengst til hægri á akstursleið til norðurs á Snorrabraut, milli Grettisgötu og Hverfisgötu, verði merkt sem sérakrein fyrir Strætó

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

**2. Tillaga um bann við lagningu ökutækja á Rafstöðvarvegi**

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Rafstöðvarvegar frá Rafstöðvarvegi 4 að botnlanga innst á Rafstöðvarvegi

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Samþykkt

**Fundi slitið kl. 15.17**

Bjarni Rúnar Ingvarsson

Edda Ívarsdóttir



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Samgöngustjóri

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### Tillaga

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði um umferð:

- Að akrein lengst til hægri á akstursleið til norðurs á Snorrabraut, milli Grettisgötu og Hverfisgötu, verði merkt sem sérakrein fyrir Strætó

Ofangreindar ráðstafanir verði merktar með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.


Greinargerð:

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Hlemm og meðfylgjandi breytinga á akstursleiðum Strætó er þörf á sérakrein til að koma í veg fyrir töfum á leiðum Strætó og tryggja skilvirkni almenningsvagna. Á sérakreininni er fyrirhuguð strætóstöð milli Hverfisgötu og Laugavegs.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og hlotið samþykki af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Natan Freyr Guðmundsson  
Sérfræðingur  
Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

Hjálagt: Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri strætóakrein



Yfirlitsmynd merkt með fyrirhugaðri strætóakrein



## TILLAGA

**Viðtakandi:** Samgöngustjóri

**Sendandi:** Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar

### ***Tillaga um bann við lagningu ökutækja á Rafstöðvarvegi***

Lagt er til að samgöngustjóri samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Að óheimilt verði að leggja ökutækjum beggja vegna Rafstöðvarvegjar frá Rafstöðvarvegi 4 að botnlanga innst á Rafstöðvarvegi

Ofangreind ráðstöfun verður merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 250/2024 um umferðarmerki og notkun þeirra.

Greinargerð:


Farið hefur verið í ýmsa uppbyggingu á svæðinu við Elliðaárstöð. Komnar eru margvíslegar aðstæður til útivistar og afþreyingar. Bílaumferð hefur samhliða því aukist á svæðinu til muna. Rafstöðvarvegur gegnir mikilvægu hlutverki í stígakerfi borgarinnar, sem tengir saman stíga úr Fossvogi við stígakerfi Árbæjar og norðanverðum Elliðaárdals. Ökutækjum er oft lagt þannig að hætta skapast fyrir aðra umferð, en töluvert er af gangandi og hjólandi vegfarendum sem þvera Rafstöðvarveg eða ganga þar meðfram.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllt,  
Edda Ívarsdóttir  
deildarstjóri borgarhönnunar

Hjálagt: Yfirlitsmynd af Rafstöðvarvegi með fyrirhuguðum umferðarmerkjum





Yfirlitsmynd af Rafstöðvarvegi með fyrirhuguðum umferðarmerkjum og staðsetningu þeirra